

## Erindisbréf fyrir fjölskylduráð Vopnafjarðarhrepps

1. gr.

### *Hlutverk fjölskylduráðs.*

Fjölskylduráð annast þau störf sem sveitarstjórn felur ráðinu á sviði fræðslu-, æskulýðs-, íþrótta-, frístunda- og forvarnarmála.

Fjölskylduráð fer með verkefni skólanefnda, sbr. 6. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008, málefni tónlistarskóla, sbr. 2. gr. laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985 og málefni leikskóla skv. 4. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008. Ráðið fer jafnframt með verkefni á sviði íþrótta-, tómstunda-, og forvarnarmála skv. æskulýðslögum og íþróttalögum. Einnig fer ráðið með verkefni á sviði aldraðra.

Fjölskylduráð starfar í samræmi við stefnumótun, samþykktir og áætlanir sveitarstjórnar Vopnafjarðarhrepps á verkefnasviði ráðsins.

2. gr.

### *Verkefni.*

Helstu verkefni fjölskylduráðs eru:

- að gera tillögur til sveitarstjórnar um stefnu á verkefnasviði sínu ásamt því að hafa eftirlit með að stefnu sveitarstjórnar á hverjum tíma sé fylgt,
- að hafa eftirlit með stofnunum sem vinna á verkefnasviði ráðsins og fylgjast með að þær veiti góða þjónustu og vinni að settum markmiðum í samræmi við lög og ákvarðanir sveitarstjórnar,
- að fara yfir tillögur stjórnenda að fjárhagsáætlun hvers árs sem falla undir verksvið ráðsins,
- málefni aldraðra, þ. á m. félagsleg heimþjónusta, skv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og lögum um málefni aldraðra,
- málefni barna og ungmenna skv. m.a. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og æskulýðslögum, þ.m.t. að auka þátttöku allra barna og unglinga í félags- og tómstundastarfi og hafa eftirlit með starfsemi íþróttamannvirkja á vegum sveitarfélagsins og starfsemi félagsmiðstöðva barna og ungmenna,
- málefni tengd félagslegri heimþjónustu skv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga,
- málefni bókasafna skv. bókasafnslögum nr. 150/2012,
- verkefni sem skólanefnd eru falin samkvæmt lögum um grunnskóla,
- verkefni sem leikskólanefnd eru falin samkvæmt lögum um leikskóla,
- málefni tónlistarskóla sveitarfélagsins, sbr. lög um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla,
- að vinna með öðrum opinberum aðilum og stofnunum, s.s. félagasamtökum og einstaklingum, að því að efla aðstæður fjölskyldna í sveitarfélaginu,
- málefni og hagsmunir sem snúa að innflytjendum og fólki með erlendan bakgrunn í sveitarfélaginu,
- að stuðla að þjálfun og menntun starfslíðs m.a. með námskeiðum og annarri fræðslu í samstarfi við stjórnendur,
- að vinna að öðrum þeim verkefnum sem sveitarstjórn felur ráðinu á hverjum tíma.

3. gr.

### *Skipan fjölskylduráðs.*

Fjölskylduráð er skipað sjö aðalfulltrúum og jafnmörgum til vara kjörnum af sveitarstjórn.

Sveitarstjórn kýs formann og varaformann ráðsins. Kjörtímabil ráðsins er það sama og sveitarstjórnar.

Formaður ákveður dagskrá fundar ráðsins í samstarfi við verkefnastjóra æskulýðs-, frístunda- og fjölmeningarmála.

## 4. gr.

*Fundarboðun og málsmeðferð.*

Verkefnastjóri æskulýðs-, frístunda- og fjölmeningarmála sér um að boða til fundar með rafrænu fundarboði ásamt dagskrá og fylgigögnum a.m.k. tveimur sólarhringum fyrir fund. Geti fulltrúi í fjölskylduráði ekki sótt fund skal hann tilkynna það verkefnastjóranum og boða varamann á fund.

Málsmeðferð fjölskylduráðs skal vera í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga, stjórnarsýslulaga, samþykktar um stjórn Vopnafjarðarhrepps, siðareglna fyrir kjörna fulltrúa hjá Vopnafjarðarhreppi og góða stjórnarsýsluvenju.

Um fundarsköp á fundum ráðsins gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga, samþykktar um stjórn Vopnafjarðarhrepps og auglýsingar um leiðbeiningar um ritun fundargerða sveitarstjórna nr. 1181/2021.

Fundir ráðsins skulu almennt haldnir fyrir luktum dyrum. Heimilt að opna fund komi fram ósk um slíkt svo fremi sem lög eða eðli máls hamli því ekki. Fulltrúum í fjölskylduráði er almennt heimilt að nota fjarfundarbúnað í samræmi við reglur um framkvæmd fjarfunda sveitarstjórnar og ráða Vopnafjarðarhrepps.

Ráðið skal halda gerðabók og skulu fundargerðir þess sendar sveitarstjórn til kynningar. Mál sem þurfa afgreiðslu sveitarstjórnar skuli tekin fyrir sem sérstakur dagskrárliður á fundi sveitarstjórnar. Fundir skulu haldnir að jafnaði einu sinni í mánuði í samræmi við fundadagatal Vopnafjarðarhrepps, eða eins oft og þurfa þykir innan fjárheimilda ráðsins. Aukafundi skal halda ef meirihluti fulltrúa í ráðinu fer fram á slíkt.

## 5. gr.

*Hlutverk verkefnastjóra.*

Verkefnastjóri æskulýðs-, frístunda- og fjölmeningarmála situr fundi fjölskylduráðs með málfrelsi og tillögurétt. Formaður ráðsins og verkefnastjóri ákveða með hliðsjón af dagskrá fundar hvort aðrir starfsmenn sveitarfélagsins sitji fund. Verkefnastjóri undirbýr fundi í samstarfi við formann og hefur yfirumsjón með að framkvæma ákvarðanir ráðsins eftir að sveitarstjórn hefur staðfest þær.

Verkefnastjóri sér um ritun fundargerða og frágang skjala eftir fundi.

## 6. gr.

*Seturéttur.*

Séu ákvæði í lögum eða samstarfssamningum um seturétt aðila utan fjölskylduráðs, þegar málefni þeim tengd eru til umfjöllunar, skal formaður gæta þess að þau ákvæði séu uppfyllt. Seturéttur fulltrúa afmarkast við umfjöllun ráðsins um þau málefni sem fulltrúi er skipaður til að fjalla um. Að umfjöllun lokinni skulu fulltrúar með seturétt víkja af fundi.

Eftirfarandi eru ákvæði um seturétt með málfrelsi og tillögurétt á fundum fjölskylduráðs, en fulltrúar með seturétt fá ekki greidda þóknun frá sveitarfélaginu.

Þegar málefni grunnskóla eru til umræðu skv. lögum um grunnskóla:

- skólastjóri grunnskóla sveitarfélagsins,
- einn fulltrúi kosinn úr hópi fastra kennara grunnskóla sveitarfélagsins,
- einn fulltrúi foreldra.

Þegar málefni leikskóla eru til umræðu skv. lögum um leikskóla:

- leikskólastjóri,
- einn fulltrúi kosinn úr hópi starfsmanna leikskólans,
- einn fulltrúi tilnefndur af samtökum foreldra barna í leikskólanum.

Þegar málefni tónlistarskóla eru til umræðu:

- skólastjóri
- einn fulltrúi kosinn úr hópi fastra kennara

7. gr.

*Þagnarskylda og hæfi.*

Fulltrúi í fjölskylduráði skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst áfram eftir að fulltrúi lætur af störfum. Ákvæði þetta gildir einnig um aðra fundarmenn á fundum fjölskylduráðs.

Fulltrúi skal víkja af fundi, og kalla til varamann, tengist hann einstaklingum eða málum, sem fjallað er um í ráðinu, þannig að spillt geti óhlutdrægni hans og valdið tortryggni.

8. gr.

Gildistaka

Erindisbréfið tekur gildi þegar það hefur verið samþykkt af sveitarstjórn.

Erindisbréf þetta er sett með heimild í 32. gr. samþykktar um stjórn Vopnafjarðarhrepps nr. 585/2019 með síðari breytingum.

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar Vopnafjarðarhrepps 22.september 2022.